

Byggingarár: 1908

Brattakinn 5

Sjónarhóll

Fyrsti eigandi: Eiríkur Björnsson
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Sjónarhóll á Reykjavíkurvegi 22



Sjónarhóll í Bröttukinn 5.

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Timbur, bindingar		Timbur, bindingar		
Útveggir: Bárújárn		Bárújárn		
Þakgerð: Mænisþak		Mænisþak		
Þakklæðning: Bárújárn		Bárújárn		
Undirstaða:		Steinsteypt		
Útlit: Einlyft		Einlyft		
Ris		Kvistir		
		Ris		
		Reykháfur		
		Útitróppur		

Saga

Árið 1948, þann 13. nóvember er "Magnúsi Guðbjartssyni heimilað að setja gamla Sjónarhólshúsið á lóð sína við Bröttugötu". Eiríkur Björnsson sjómaður byggði húsið árið 1908 á fallegum útsýnisstað efst í brekkunni við Reykjavíkurveg. Húsinu var gefið nafnið "Sjónarhóll". Umsjón með byggingunni hafði Jóhannes Reykdal en yfirmiður var Eggert Bððvarsson og lauk smíðinni á jólaföstu 1908. Var Egill Eyjólfsson málarí fenginn til að mála skilti á húsið. Rauða rós á fagurgrænum stilk málaði Egill framan við heiti hússins. Samkvæmt brunavirðingu frá 17. janúar 1917 er húsinu lýst á eftirfarandi hátt: „A. Íbúðarhús, útveggir og þak úr timbri og járnavarið, L. 6,30m B. 5,75m H. 2,90m. 7 gluggar. Húsið er einlyft með risi 2,20m. Því er skipt niðri í 3 stofur og eldhús, ein stofa fóðruð annars klætt panel og málað, uppi er húsinu skipt í 2 herbergi, klætt innan með panel og málað, notað til íbúðar. B. Við norðurgafli hússins er viðaukabygging úr timbri og járnavarin, L. 3,20m B. 5,75m H. 2,40m, 2 gluggar, ris 0,50m, skipt í 2 stofur og gang til inngöngu í bæði húsin, önnur stofan er fóðruð, annars klætt með panel, allt málað notað til íbúðar. Undir allri byggingunni er kjallari hlaðinn úr hraungrýti og steinlímdur. H. 1,20m, 3 gluggar. C. Við suðurhlíð hússins er skúr að nokkru úr timbur rimlum, þak úr timbri, járnavarið. L. 3,20m B. 2,50m H. 2,30m, notaður til geymslu á honum er vatnshalla-þak.“ Í Bröttukinn var byggður kjallari undir húsið og húsið stækkað. Á Reykjavíkurvegi var húsið einbýli, en í Bröttukinn þrjúbýli.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar: